

Styrkir Norðurorku til samfélagsverkefna

Fréttatilkynning:

Styrkjum Norðurorku hf. til samfélagsverkefna var úthlutað í dag fimmtudaginn 21. júní við athöfn í sal fyrirtækisins að Rangárvöllum á Akureyri.

Haustið 2011 ákvað stjórn Norðurorku hf. að fara í endurskoðun á ýmsum þáttum í stefnumótun félagsins og var einn þeirra styrkveitingar til samfélagsverkefna.

Samþykkt var stefna félagsins í styrkveitingum og þar með þau grundvallarsjónarmið sem líta skal til við styrkveitingar. Þáttur í nýju ferli var að auglýsa eftir umsóknum um styrki til samfélagsverkefna og leitast við að gera ferlið opnara og gegnsærra þannig að öllum gæfist kostur á að koma óskum sínum á framfæri við félagið.

Í kjölfar þessarar vinnu voru síðan birtar auglýsingar um styrki Norðurorku til samfélagsverkefna. Um þetta sagði í frétt á heimasíðu félagsins að þessu tilefni:

„Veittir eru styrkir til menningar- og lista, íþróttar- og æskulýðsstarfs og góðgerðarmála. Markmið með styrkjum Norðurorku hf. er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðlar að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreyttu mannlífi.“

Í framhaldi af þessu skipaði framkvæmdaráð Norðurorku hf. vinnuhóp starfsmanna til þess að fara yfir þær rúmlega eitthundrað og fimmtíu umsóknir sem bárust. Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum til stjórnar Norðurorku hf. sem afgreiddi þær óbreyttar á fundi sínum þann 31. maí s.l.

Fram kom hjá hópnum að verkefnið var erfitt enda gifurlega mörg góð verkefni sem sótt var um styrk til. Sýna umsóknirnar þá miklu grósku sem er á öllum sviðum samfélagsins og styrkja okkur í þeirri niðurstöðu að ástæða hafi verið til að opna vinnuferli okkar og gera það gegnsærra.

Auk þess að horfa til þeirra viðmiða sem félagið hefur sett sér í almennum úthlutunarreglum og birtast á heimasíðu félagsins þá var að þessu sinni litið til eftirfarandi atriða:

- Horft var til þess að verkefni á öllu starfssvæði Norðurorku hlytu styrki (Ólafsfjörður til og með Þingeyjarsveit, en að þessu sinni var ákveðið að styrkja ekki verkefni utan starfssvæðis fyrirtækisins).
- Horft var til þess að mörg undangengin ár hefur áhersla Norðurorku hf. verið mikil á menningu og listir og því ákveðið að draga úr henni þetta árið.
- Ákveðið var að auka hlut íþróttar- og æskulýðsmála og þar með áherslu á barna- og unglingastarf.
- Horft var til þess hvort umsækjendur hefðu nýlega og/eða oft fengið styrki á undangengnum árum.
- Byggt var á því að verkefnin væru fjölbreytt þannig að styrkþegar komi úr sem flestum áttum.

Eftirtaldir aðilar hljóta styrki að þessu sinni:

Nafn styrkþega	verkefnið	kr.
Aflið - Samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi á Norðurlandi	rekstrarstyrkur	100.000
Leikfélagið Adrenalín	leiklist eflir lífsleikni	150.000
Æskulýðssamtök Laufásprestakalls	æskulýðsstarf	100.000
Hjólábrettafélag Akureyrar	bætt aðstaða	100.000
Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir	afreksstyrkur – landsliðið á skautum	75.000
Norræna félagið Ólafsfirði	norrænar sumarbúðir	200.000
Kvennahandbolti KA og Þór – 8. til 4. flokkur	keppnistreyjur kvfl. KA/Þór	400.000
Safnasafnið	úrþætur á aðgengi að safninu	200.000
Textílbomban - 19 textíllistamenn	samsýning – Listasumar + 150 ára afmæli	300.000
Öldrunarheimilin á Akureyri	garður og hæsnahús	200.000
Karatefélag Akureyrar	félagsstarfið	100.000
Multicultural Council	fjöldmenning viðburðir o.fl.	100.000
Fimleikafélag Akureyrar	æfingabúðir - koma erl. þjálfara	150.000
Sjálfséignarstofnunin Gamli barnaskólinn Skógum Fnjóskadal	uppbygging safns	100.000
Sundfélagið Óðinn	startbúnaður	100.000
Skíðafélag Akureyrar	bætt aðstaða við gönguhús	100.000
Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi	lyftukaup fyrir sundlaugina að Hrafnagili	100.000
Birna Guðrún Baldursdóttir	tilr. verkefni klúbbur einhverfa unglinga	75.000
Ungmennafélagið Smárinn - Hörgársveit	fótboltamörk við Þelamerkurskóla	250.000
Leikklúbburinn Krafla - Hrísey	leiklistarnámskeið fyrir börn	100.000
Sumarbúðir KFUM og KFUK Hólavatni	viðbygging við félagsmiðstöð	250.000
Skátafélagið Klakkur	námskeið fyrir foringja	100.000
Klakarnir - útivistarklúbbur fatlaðra barna	námskeið fyrir þjálfara	150.000
Alberto Porro Carmona	tónlistarkennsla - barnabók	100.000
Hafís Sigurðardóttir	afreksstyrkur - frjálssar íþróttir	75.000
Akureyrarkirkja	sumaropnun	200.000
Foreldrafélag strengjadeildar Tónlistarskólans	félagsstarf – strengjamót í Hörpu	150.000

Heildarfjárhæð styrkja eru rúmar fjórar milljónir króna, en auk þess samþykkti stjórn Norðurorku hf. að veita tíu milljóna króna styrk til afmælisárs Akureyrar, sem m.a. skal varið til þess að koma upp upplýsinga- og fræðsluskiltum í miðbænum og Innbænum, auk ýmissa annarra verkefna. Þá veitti félagið Menningarfélaginu Hofi bakhjarlastyrk að fjárhæð tólf hundruð þúsund krónur, fyrir rekstrarárið 2011 til 2012, sem verja skyldi til þess að auka og efla opna viðburði í Hofi.

Norðurorka hf. þakkar þeim fjölmörgu sem sýndu áhuga sinn á því að sækja um samfélagsstyrki til félagsins þegar kallað var eftir umsóknum fyrr í vetur.

Að lokum skal þess getið að Norðurorka hf. stefnir á að opna fyrir umsóknir um styrki vegna ársins 2013 með auglýsingu næsta haust. Enn liggur ekki fyrir hvort áhersla verður lögð á einhvern tiltekinn málaflokk þegar þar að kemur, en mögulegt er að svo verði enda gert ráð fyrir því í stefnu félagsins um samfélagsverkefni.

Nánari upplýsingar veitir:

Baldur Dýrfjörð forstöðumaður þróunar

netfang: baldur@no.is - veffang: www.no.is

símar: 460-1300 / 460-1337 / 862-1282